



#### Fundargerð

**Yfirskrift / efni:** Málþing vegna þingskjala 10 og 11 á vegum stjórnar KLÍ 2014-2015  
**Staðsetning:** Íþróttamiðstöðinni í Laugardal  
**Hvenær:** Fimmtudaginn 18.06.2014 kl. 18:00  
**Mættir:** Opið öllum keilurum.  
**Fundarritari:** VDS

**Helstu mál:** Umræður um þingskjöl 10 og 11 frá nýafstöðnu KLÍ þingi

#### Dagskrá fundarins:

##### 1. Reglugerð um íslandsmót liða (þingskjal 10).

Fyrst var spurt um hvort það yrði verðmunur fyrir liðin ef um 3 manna lið væri að ræða frekar en 4 manna lið og formaður KLÍ svaraði því játandi. Yrði mjög líklega ódýrara. Síðan komu nokkur álit úr sal að eins ætti að ganga yfir alla, þ.e.a.s. setja ætti 3 manna deild í allar deildir. Einn nefndi að sér fyndist ekkert í sjálfu sér að fyrirkomulaginu, en fannst það ekki rétt að prufukeyra í einni deild. Spurt var úr sal hverju breyting í 3 manna lið ætti að skila, og því til svarað að hugmyndin hefði verið að auka hraða leiksins. Þá var það rætt hvort hægt yrði að stilla upp blindum í 3 manna liði, en því til svarað að slíkt væri ekki leyft. Er ekki leyft í 1.deild eins og núverandi reglur eru. Það kom fram frá að í raun hefði ekki verið fullkomin sátt um reglugerðarbreytinguna í þeirri nefnd sem útbjó hana til þings. Einn nefndi að þetta væri stærsta breyting á deildarfyrirkomulagi í langan tíma, og því væri mikilvægt að hugsa þetta vel. Þá kom fram sjónarmið að 3 spilarar séu ekki þetta lið sem 4 spilarar eru og það nefnt að í 3 manna liði vegi hver spilari meira, og því geti mjög sterkur spilari í liði gert gæfumun sem ekki er eins í 4 manna liði. Þá var álit utan úr sal að þessi reglugerðarbreyting hefði í raun verið illa unninn. Svolítið rætt svo um það hvort hægt væri að snúa ákvörðun þings við og þá nefndi þingforseti að til þess þá þyrfti að vera alger einhugur í sal og formannafundur að samþykkja það einróma. Þá kom fram álit eins að þrátt fyrir það að einhugur væri í sal og formannafundur myndi samþykkja að draga álit þings til baka, væri það í raun gjaldfelling á þingi KLÍ sem slíku. Álit manna að þar sem menn væru ekki einhuga um hvað skyldi gera væri því í raun ekki hægt með góðri samvisku að draga ákvörðun þings til baka. Síðan var rætt um misræmi sem myndast gagnvart bikarkeppni, þar sem 3 manna lið gætu átt erfitt með að taka þátt í bikar vegna þess að þar þarf 4 spilara. Loks var það nefnt að þessi breyting hefur í för með sér breytingu á tölvukerfinu sem sér um að reikna út stöðuna, eitthvað þurfi að breyta því fyrir 1.deildina. Það rætt að ef að ákvörðun þings (3 manna lið 2014-2015 í 1.deild) yrði látin standa, væri sennilega minnsta breytingin hvað tölvukerfið varðar, að stilla þar upp blindum á móti blindum (með 0 pinna hvor), eins og um 4 manna lið væri að ræða, og þá jafnvel sleppa stjörnskildinum það árið. Engin tillaga í ákveðna átt kom frá málþinginu fyrir formannafund, en því treyst að formannafundur myndi taka góða ákvörðun með anda þingsins í huga.

##### 2. Deildakeppni kvenna (þingskjal 11).

Afrekspjálafari kvenna, Theódóra Ólafsdóttir, vildi koma því á framfæri að það væri mjög svo brýnt að toppspilarar kvenna fengju fleiri krefjandi leiki. Það yrði ef að tillagan frá þinginu, sem vísað var til stjórnar, yrði samþykkt. Rætt var fram og til baka um þessa tillögu og flestir ef ekki allir voru sammála um að kvennadeildirnar yrðu tvær. Lagt var til af málþinginu að formannafundur myndi samþykkja þá tillögu sem upphaflega kom til álits þings KLÍ. Þá kom fram tillaga frá konunum að formannafundur myndi samþykkja það að hafa auk þess úrslitakeppni, en það virtist einhugur um þetta á málþinginu.

#### Fundi slitið kl 19:06